

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 13. desember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 3. desember 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 3. desember 2024.

Fundargerð frá 3. desember 2024 samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2024

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2024, endanlegum útsvarstofni sveitarfélaganna á árinu 2023 og áætluðum útsvarstofni sveitarfélaga árið 2024.

Óverulegar breytingar eru á áætluninni sem lögð var fram til kynningar 3. desember. Helstu breytingar eru að á tekjuhliðinni hækkar framlag vegna NPA um rúmar 200 m.kr og á gjaldahlið er gert ráð fyrir hækkun framlaga vegna sameiningar um 150 m.kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2025

Lögð var fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025. Varðandi tekjur úr ríkissjóði er gert ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 1.246 ma.kr., áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2024 verði tæplega 2.600 ma.kr. og vegna framlaga

vegna grunnskóla og fatlaðs fólks er gert ráð fyrir að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2025 verði tæplega 2.700 ma.kr.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina

4. Grindavíkurbær

Drög að samkomulagi innviðaráðuneytisins og Grindavíkurbæjar

Lögð voru fram drög að viðaukasamkomulagi innviðaráðherra við bæjarstjórn Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII. sveitarstjórnarlaga nr. 138. Í viðaukasamkomulaginu er gert ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður greiði allt að 600 m.kr. á árinu 2025 og að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga meti fjárþörf sveitarfélagsins fyrir útgreiðslu fjárhagserfiðleikaframlagsins.

Viðaukinn telst óaðskiljanlegur hluti af samkomulagi aðila frá 24. febrúar 2024 og í því sambandi kom fram á fundinum að gert sé ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður standi straum af kostnaði vegna sérfræðings sem vinnur með sveitarfélaginu vegna fjárhagslegra málefna og sér enn fremur um samskipti við stjórnvöld um málefni sveitarfélagsins.

Yfirlit framlaga til Grindavíkurbæjar árið 2024

Lagt var fram yfirlit þar sem fram kemur hver áætluð framlög til Grindavíkurbæjar eru á árinu 2024. Fram kemur í yfirlitinu að alls sé áætlað að framlög til sveitarfélagsins séu áætluð 985 m.kr. en af þeirri fjárhæð eru 72 m.kr. tengdar náttúruhamförunum í Grindavík. 32 m.kr. vegna verkefnastjóra og 28 m.kr. vegna skólaaksturs grunnskólabarna og 12 m.kr. vegna sérstaks ráðgjafa sem vinnur bæði með ríki og Grindavíkurbæ.

5. Sérstök verkefni árið 2024

Yfirlit

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir sérstök verkefni árið 2024. Samtals er áætlað að framlögin nemi um 332 m.kr.

6. Skil staðgreiðslu

2024

Lögð var fram til kynningar yfirlit staðgreiðsluskil til Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu á málaflokki grunnskóla og málaflokki fatlaðs fólks. Fram kemur að áætlaðar tekjur af staðgreiðslu janúar til október nemi 45 ma.kr. en áætlað hafi verið að tekjurnar næmu 56 ma.kr. á árinu 2024. Þá kom fram að óhafin framlög frá því á árinu 2023 nemi 892 m.kr.

7. Tekjujöfnunarframlög 2023

Leiðrétting

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu leiðrétting á tekjujöfnunarframlagi 2023 vegna villu sem átti sér stað í forsendum við útreikning framlaganna á árinu 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja leiðrétt endanleg tekjujöfnunarframlög 2023.

8. Tekjujöfnunarframlög 2024

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 9. desember 2024, ásamt tillögu að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga ásamt uppfærðu framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

Á fundi ráðgjafarnefndar 23. ágúst sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2024. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.400 m.kr. og komu $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins til greiðslu í október eða samtals 1.050 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja tillögu til ráðherra um úthlutun endanlegra tekjujöfnunarframlaga 2024. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 350 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.

9. Útgjaldajöfnunarframlög 2024

Ný áætlun um endanleg framlög á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 23. ágúst 2024 áætluð útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2024, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 15.575 m.kr.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 15.000 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Þar af er 175 m.kr. vegna skólaaksturs og 50 m.kr. vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2024. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 15.800 m.kr. á árinu 2024. Gerð er tillaga að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 250 m.kr. Áætluð útgjaldajöfnunarframlög verða þá að fjárhæð 16.050 m.kr. á árinu 2024.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 250 m.kr. og leggja til við ráðherra endanleg útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2024 að fjárhæð 16.050 m.kr.

Viðbótarframlög vegna skólaaksturs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2024, um viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018. Heildarfjárhæð framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli er áætluð 750 m.kr. á árinu 2024. Til úthlutunar koma 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum á grundvelli áætlanagerðar og 175 m.kr. koma til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2024 umfram áður áætluð framlög. Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2024. Umsóknir um viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 608.023.522 kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar samtals 175 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun um viðbótarframlög vegna skólaaksturs á árinu 2024 að fjárhæð 175 m.kr.

Akstursþjónusta fatlaðra barna úr dreifbýli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. desember 2024, varðandi áætlun um framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Umsóknir bárust frá 15 sveitarfélögum þar sem sótt er um samtals 42 leiðir og árlegur kostnaður er 47,5 m.kr. samanlagður. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að heildarframlag fyrir árið 2024 verði 25 m.kr. og hámarksframlag per km. verði 285 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna akstursþjónustu fatlaðra barna úr dreifbýli að fjárhæð 25 m.kr.

10. Sameiningar útreikningar á grundvelli reglna

Ársreikningar – íbúafjöldi o.fl.

Lagt fram til umfjöllunar og kynningar reglur 782/2020, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, ásamt útreikningi á mögulegum framlögum til sveitarfélaga byggðum á reglunum.

11. Sameiningar yfirlit

Árin 2024-2029

Lagt var fram til umfjöllunar og kynningar yfirlit yfir framlög til sameiningar 2024-2029.

12. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu

Tillaga að úthlutun framlaga – 7. grein

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. desember 2024, um eflingu tónlistarnáms skv. 7. gr. 2023-2024. Framlag á hvern nemanda fyrir skólaárið 2024-2025 er 579.063 kr. og eru samþykktar umsóknir fyrir 21 nemenda sem er fækkun um 6 nemendur frá fyrra skólaári. Heildarupphæð framlagsins er því 12.160.318 kr. sem greitt verður í 12 jöfnum greiðslum á 12 mánuðum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 12.160.318 kr.

FATLAÐ FÓLK

13. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks 2024

Tillaga að enduráætlun framlaga

Lögð voru fram drög að 4. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks til kynningar. Endanlegt svar Reykjavíkurborgar um notendur sína liggur ekki fyrir við afgreiðslu áætlunarinnar á fundi þessum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að afgreiða áætlunina á rafrænum fundi síðar í desember þegar hún er tilbúin.

14. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Kjósarhreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kjósarhrepps, dags. 27. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda við uppsetningu á rampi og handriði við stjórnsýsluhúsið í Kjós. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 1.156.788 kr.

Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps 2023-2024 geti numið 19.793.048 kr. kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemur helmingi framkvæmdakostnaðar og myndi framlagið því nema 578.394 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 578.394 kr. vegna framkvæmdanna.

Mosfellsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Mosfellsbæjar, dags. 27. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda við hönnun og framkvæmd við nýjan heitan pott í Lágafellslaug með hjólastólaaðgengi. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er á bilinu 73,5 – 82,5 m.kr.

Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Umsókn Kjósarhrepps sem einnig var tekin fyrir á þessum fundi nam 1.156.788 kr., kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemur helmingi framkvæmdakostnaðar og myndi framlagið nema 578.394 kr. Áður hefur Mosfellsbær fengið framlag að fjárhæð 10.228.154 kr. Því stendur eftir af framlagi Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps fyrir árin 2023-2024 8.986.500 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 8.986.500 kr. vegna framkvæmdanna.

Reykjavíkurborg

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu umsóknir Reykjavíkurborgar, dags. 9.-12. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna fjölda úrbóta í aðgengismálum. Framkvæmdirnar fólust m.a. í úrbótum á 32 biðstöðvum Strætó, við leik- og grunnskóla, bílastæði í borgarlandi o.fl. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 162.140.143 kr.

Sótt er um á grundvelli a. og b. liða 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Reykjavíkurborgar 2023-2024 geti numið 105.486.974 kr. Áður hefur Reykjavíkurborg fengið samþykkt framlög að fjárhæð 26.567.180 kr. Eftir standa því 78.919.794 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 78.919.794 kr. vegna framkvæmdanna.

Hafnafjörður

Frestað til næsta fundar.

Stofnframlag með HMS – Brák

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá HMS, dags. 20. júní 2024 vegna stofnframlags sem snýr að sértæku búsetuúrræði á Reyðarfirði. Í erindi HMS má sjá sundurliðun á hluta ríkis og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar kemur fram að sérstakt byggðaframlag er að fjárhæð 100.000.000 kr. sem skiptist á milli ríkis og Jöfnunarsjóðs. Skipting Jöfnunarsjóðs er því

32.867.912 kr. í stofnframlag og 25.120.000 kr. í sérstakt byggðaframlag samtals er hluti Jöfnunarsjóðs því 57.987.912 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja stofnframlag að fjárhæð 32.867.912 kr. en kalla eftir álitum um sérstakt byggðaframlag.

15. Áætlun um fundi árið 2025

Fundaráætlun 2025 liggur ekki fyrir.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 15:00.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir